

Sandvík á Selströnd: *Könnun á sjávarrofi í ösku- hól*

Einar Ísaksson
Guðmundur St. Sigurðarson
Magnús Freyr Gíslason
Þór Hjaltalín

2018



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundar
Einar Ísaksson
Guðmundur St. Sigurðarson

Ljósmyndir
Einar Ísaksson
Guðmundur St. Sigurðarson
Magnús Freyr Gíslason

Ljósmynd á forsíðu
Sandvík úr lofti. Ljósmynd: Guðmundur St. Sigurðarson

© 2018
Minjastofnun Íslands

ISBN: 978-9935-9403-2-2

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

Grunnupplýsingar	3
1. Aðdragandi vettvangsferðar	4
2. Fyrri rannsóknir	4
3. Staðhættir og ástand minja	4
4. Rannsókn – aðferð	5
5. Niðurstöður	7
6. Lokaorð – mótvægisaðgerðir	7
7. Heimildaskrá	7
8. Myndaskrá	8
9. Viðaukar	8

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer:

201504-0146

ÞJMS númer:

2015-81

Stutt lýsing rannsóknar:

Könnun á umfangi og eðli minja í hættu vegna
ágangs sjávar.

Tegund:

Könnunarrannsókn

Staðsetning:

Sandvík, Bær, Kaldrananeshreppur, Vestfirðir.

GPS:

58045 N 388821 A

Rannsóknartími:

6. júlí 2016

Starfsmenn:

Einar Ísaksson, Guðmundur St. Sigurðarson, Magnús Freyr Gíslason, Þór
Hjaltalín.



1. Aðdragandi vettvangsferðar

Sumarið 2015 hafði Bergsveinn Birgisson samband við Minjastofnun Íslands vegna fisk- og dýrabeina sem fallið höfðu úr rofabarði við sjávarkamb í Sandvík (Bæ) á Selströnd í Kaldrananeshreppi. Bergsveinn hafði safnað beinunum saman og haft samband við fornleifafræðinga í kjölfarið, þ.m.t. Albínu Huldu Pálsdóttur, dýrabeinafræðing.

Minjavörður Vestfjarða fór á vettvang sumarið 2015 og kannaði aðstæður.

Greinilegt var að mannvistarleifar voru að týnast í hafið úr rofinu.

Sumarið 2016 fóru Guðmundur St. Sigurðarson fornleifafræðingur, Magnús Gíslason arkitekt, Þór Hjaltalín minjavörður Norðurlands vestra og Einar Ísaksson minjavörður Vestfjarða að kanna umfang og eðli minjastaðarins.

2. Fyrri rannsóknir

Albína Hulda Pálsdóttir hefur skrifað skýrslu um efnið og segir m.a. „út frá frásögn Bergsveins um fundaraðstæður, að ekki séu krítarpípu- eða leirkersbrot að finna við rofið og því að í safninu eru svína- og rostungsbein virðist möguleiki að við Bakkagerði sé að rofna ruslahaugur frá því fyrir 1300. Vissulega er ekki hægt að fullyrða neitt um það út frá þeim gögnum sem nú liggja fyrir en dýrabeinasafnið gefur tilefni til þess að rofið sé skoðað frekar. Líkt og áður kom fram eru svínabein ekki sérlega algeng í íslenskum dýrabeinasöfnum eftir 1300“ (2015). Bergsveinn Birgisson hefur einnig sagt að á svæðinu (Bæ) hafi fundist sverðshjölt („sem því miður var hent“).

Ragnar Edvardsson hefur skrásett fornleifar í Kaldrananeshreppi (*Fornleifaskráning í Kaldrananeshreppi, Strandasýslu. Lokaskýrsla. [án árs]*).

3. Staðhættir og ástand minja

Sandvík er allläng vík neðan við bæinn Bæ á Selströnd í Kaldrananeshreppi. Í vikinni er töluvert um tóftir, m.a. kartöflugarðar, kartöflugeymsla og fleiri tóftir sem tengjast búskap og sjósókn. Veðrasamt er í Sandvík og undanfarin ár hefur sjórinn grafið undan bökkum vikurinnar með þeim afleiðingum að úr falla bein af dýrum og fiski. Sumarið 2017 fannst jafnframt brýni í fjöruborðinu. Hafið grefur undan bökkunum og étur undan rótinni en grastorfurnar leggjast yfir

sárin, svo að í fyrstu sýn virðist rofið ekki alvarlegt. Verst er ástandið við hól nokkurn sem talin er vera forn öskuhóll.




Mynd 1. Sandvík. Ljósmynd: Magnús Freyr Gíslason.

4. Rannsókn – aðferð

Teknar voru ljósmyndir með flygildi (dróna) af tóftunum og nærumhverfi. Tóftirnar voru mældar upp með nákvæmu staðsetningartæki (Trimble) og sjávarkanturinn einnig. Tekið var snið í rofið þar sem landbrot hefur verið sem mest. Sniðið var eingöngu hreinsað en ekki stóð til að grafa upp neinar minjar. Töluvert fannst af ösku sem bendir til þess að sannanlega sé um að ræða öskuhól/rusla-haug. Allmikið af fiskbeinum kom í ljós, ásamt stórgripabeinum. Bein úr stórgrip sem kom neðst úr mannvistarlögnum var tekið og sent til kolefnisaldursgrein-ingar. Enga gjósku er að finna á svæðinu sem hægt væri að nota til að aldursgreina minjarnar og því nauðsynlegt að láta greina sýni í þeim tilgangi.



Mynd 2. Snið í rofabarðið. Ljósmynd: Magnús Freyr Gíslason.



Mynd 3. Uppmældar töftir. Teikning: Guðmundur St. Sigurðarson.

5. Niðurstöður

Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að um öskuhól var að ræða. Líklegt má telja að búseta hafi verið í Sandvík á miðöldum en hlutverk staðarins breyst í tímans rás. Aldursgreining stórgripabeinsins sýndi að beinið var með 95% öryggi frá árunum 777-973 e.Kr.



Mynd 4. Brýni sem fannst neðan við öskuhólinn sumarið 2017. Ljósmynd: Einar Ísaksson.

6. Lokaorð – mótvægisáðgerðir

Rannsókn Minjastofnunar í Sandvík sumarið 2016 var stutt og einföld og miðaði eingöngu að því að kanna umfang og eðli minjastaðarins. Í ljósi funda, umfangs minjastaðarins og aðstæðna má telja brýna nauðsyn á fornleifauppgrefti á svæðinu.

7. Heimildaskrá

Albína Hulda Pálsdóttir, Bergsveinn Birgisson (2015). *Dýrabein úr rofi við Bæ 1 í Kaldrananeshreppi, Strandasýslu*. Skýrslur Íslenskra fornleifarannsóknna. Reykjavík.

Ragnar Edvardsson. [án árs]. *Fornleifaskráning í Kaldrananeshreppi, Strandasýslu. Lokaskýrsla*. FS185-99133. Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík.

8. Myndaskrá

Mynd 1. Sandvík. Ljósmynd: Magnús Freyr Gíslason.

Mynd 2. Snið í rofabarðið. Ljósmynd: Magnús Freyr Gíslason.


Mynd 3. Uppmældar tóftir. Teikning: Guðmundur St. Sigurðarson.

Mynd 4. Brýni sem fannst neðan við öskuhólinn sumarið 2017. Ljósmynd: Einar Ísaksson.


9. Viðaukar

1. Sniðteikningar
2. Niðurstöður aldursgreiningar

Viðauki 1. Sniðteikningar



- 1) Grusrót
- 2) Fokmold
- 3) Öskuhaugur - aska, bein, kol og brenndur viður, kolaðir steinar, fiskbein og stórgripabein.
- 4) Sandur



- 1) Grusrót
- 2) Sandur
- 3) Fokmold
- 4) Sandur
- 5) Fokmold
- 6) Sandur
- 7) Fokmold
- 8) Sandur
- 9) Fokmold
- 10) Ógrafið

Sandvík í landi Bæjar í Kaldrananeshreppi

Dags. 16.júlí 2016

Teikning: Þ.H. og E.Í

Tölvuteikn.: G.S.S.

Viðauki 2. Niðurstöður aldursgreiningar

RADIOCARBON DATING CERTIFICATE

17 May 2017

Laboratory Code SUERC-73197 (GU43785)

Submitter Runar Leifsson
Cultural Heritage Agency of Iceland
Minjastofnun Islands
Sudurgata 39
101 Reykjavik
Iceland

Site Reference Baer i Sandvik
Context Reference animal bone from rubbish midden
Sample Reference Sample 1

Material Long bone fragment : Large mammal

$\delta^{13}\text{C}$ relative to VPDB -22.4 ‰
 $\delta^{15}\text{N}$ relative to air 4.8 ‰
C/N ratio (Molar) 3.2

Radiocarbon Age BP 1148 $\pm$ 27

N.B. The above ^{14}C age is quoted in conventional years BP (before 1950 AD). The error, which is expressed at the one sigma level of confidence, includes components from the counting statistics on the sample, modern reference standard and blank and the random machine error.

The calibrated age ranges are determined from the University of Oxford Radiocarbon Accelerator Unit calibration program (OxCal4).

Samples with a SUERC coding are measured at the Scottish Universities Environmental Research Centre AMS Facility and should be quoted as such in any reports within the scientific literature. Any questions directed to the Radiocarbon Laboratory should also quote the GU coding given in parentheses after the SUERC code. The contact details for the laboratory are email Gordon.Cook@glasgow.ac.uk or telephone 01355 270136 direct line.

Conventional age and calibration age ranges calculated by :-  Date :- 17/05/2017

Checked and signed off by :-  Date :- 17/05/2017

Calibration Plot

